

51.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 27.nóvember 2014 og hófst kl. 18.00. Mætt: Sigurjón, Ása, Kári og Gry. Grétar Hrafnsson sat hluta fundarins.

Þetta gerðist:

- **Fundargerð** síðasta fundar samþykkt.
- **Landsliðsmál**  
Farið yfir tillögu landsliðsnefndar um val í liðið fyrir næsta ár. Endurskoðuð drög að landsliðssamningi lögð fram. Stjórnin mun lesa þau og bæta ef þurfa þykir. Fundað verður á næstu dögum með landsliðsmönnum og gengið frá samningum fyrir næsta keppnistímabil.  
Landsliðsnefnd með málið. Kári og Grétar sjá til þess að fagteymi verði skipað.  
  
Gry mætti á fundinn.
- **Umsóknir í afrekssjóð 2015.**  
Stjórnin samþykkti að sækja um í afrekssjóð fyrir 8 keppendur og raða í eftirfarandi röð: Auðunn Jónsson, Breiðablik – Sigfús Fossdal, KFV – Júlían J.K. Jóhannsson, Ármann – Fanney Hauksdóttir, Grótta – Viktor Samúelsson, KFA – Aron Teitsson, Grótta – María Guðsteinsdóttir, Ármann – Viktor Ben Gestsson, Breiðablik.  
Kári gengur frá umsóknum
- **Val á kraftlyftingamann ársins í karla og kvennaflokki.**  
Júlían J.K. Jóhannsson, Ármanni og Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir, Grótta valin einróma.  
Gry gengur frá rökstuðningi og sendir til ÍSÍ og samtaka fréttamanna þegar þar að kemur.  
  
Ása vék af fundi
- **Formannafundur 21.desember sl.**  
Samþykkt að breyta fundarboð á formannafundi héreftir í þá veru að fundirnir verði fyrir formenn eingöngu.
- **Um starfsmenn á mót.**  
Gry falið að leita upplýsinga um hvort starfsmenn á síðasta moti hafi uppfyllt skilyrðum í reglugerð um mótahald.
- **Um liðakeppni KRAFT**  
Samþykkt að f.o.m. næsta keppnistímabili verða tvær liðakeppnir í kraftlyftingum, annars vegar í karla- og hins vegar í kvennaflokki.  
Gry tilkynnir og sér til að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á results.kraft.is
- Grétar vék af fundi.
- **Búnaðarlisti IPF og aðlögunartími.**  
Svohljóðandi erindi hefur borist frá Sigfúsi Fossdal, formanni KFV:  
*Mig langar fyrir hönd KFV og fleirir félagar að fara fram á að nýlegri reglubreytingu IPF varðandi að belti og singlet þurfi nú að vera frá viðurkenndum*

*framleiðendum en ekki bara eftir stöðlum, verði gefin aðlögunartími. Ég er ekki að fara fram á að reglan verði hunsuð eða ekki tekinn upp þar sem slíkt yrði ekki tekið vel upp hjá IPF, heldur að sökum einangrunar okkar hér úti í ballarhafi, að gefin verði tveggja ára aðlögunartími svo allir geti valið, og þannig sér belti. Fresturinn er rúmur, en okkur finnst sem sagt ekki sanngjarnt að allir þurfi í flýti að þanna sér ný belti og singlet helst í gær. Einhversstaðar væri sennilega hægt að redda þessu fyrir ÍM í bekkpressu, með hraði, en það myndi verulega skerða frelsi einstaklinga til að versla á frjálsum markaði og kaupa sér þá vöru sem þeir vilja, og leita sér að þeim verðum sem eru hagstæðust. Okkur finnst sanngjarnt að gefinn sé einhver frestur, en reglan verði svo auðvitað að veruleika að þessum tíma liðnum.*

Stjórnin féllst ekki á þessi rök og mun reglubreytingin taka gildi f.o.m. 1 janúar 2015  
Gry minnir á þetta á kraft.is

- **Önnur mál**

- Afreksstefna.  
Brýnt er að vinna að endurskoðun afreksstefnu.  
Sigurjón og Gry vinna áfram með málið.
- Lyfjapróf  
Fundur er fyrirhugaður með Skúla Skúlasyni frá lyfjaráði ÍSÍ til að ræða leiðir til að fjölga lyfjaprófum í og utan keppnis. Sigurjón situr fundinn f.h. KRAFT.
- Skipun dómara á stærstu mótin  
Ákveðið að dómaranefnd muni héðan í frá setja upp dómaraplan á stóru mótin á mótaskrá. Þegar skráningarfrestur er útrunnin fær dómaranefnd lista yfir skráða dómara til sín og getur sett upp plan.  
Kári talar við dómaranefnd um málið.
- Ekkert fleira gert  
Fundu slitið 19.30  
Fundarritari Gry Ek